



Hátíðahöld vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna Lifandi minnisblað

Leiðarljós

Leitast er við að hampa þeim árangri sem þegar hefur náðst í baráttunni, en á sama tíma hvetja til úrlausna og framfara á þeim sviðum sem þarf til að jafnrétti kynjanna verði náð. Hátíðahöldin skuli endurspeglja fjölbreytileika samfélagsins og viðburðir verði eftir fremsta megni gerðir aðgengilegir öllum.

Gætt verði að aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk á öllum viðburðum og leitast verði við að bjóða upp á túlkun þar sem það á við.

Markmið

Að árunum hundrað sem liðin eru síðan konur yfir fertugu hlutu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis verði fagnað með jafnmörgum viðburðum. Svið borgarinnar ásamt borgarþúum sjálfum standi fyrir viðburðunum og skipulag og utanumhald verði í höndum forsætisnefndar. Viðburðir muni ýmist tengjast daglegum störfum Reykjavíkurborgar eða vera haldnir sérstaklega í tilefni afmælisársins.

Útfærsla

Forsætisnefnd var falið á haustdögum að sjá um hátíðahöld vegna afmælisársins. Undirbúningur hófst með hugarflugsfundi í Höfða með fulltrúum kvennahreyfingarinnar og forsætisnefnd í lok nóvember. Þar varð til umfangsmikill hugmyndabanki sem fer sífellt stækkandi eftir því sem fleiri koma að undirbúningnum. Forseti borgarstjórnar hefur kynnt verkefnið fyrir fagráðunum og óskað hefur verið eftir tengiliðum á hverju sviði fyrir sig. Hlutverk þeirra tengiliða er að halda utan um hugmyndir sem kvikna á sviðunum og vera í sambandi við verkefnastjóra um útfærslu.

Fjármálaskrifstofa

Málþing um kynjaða starfs- og fjárhagsáætlunargerð

Forsætisnefnd

Konur sem fylla 100 ár í ár verði heiðraðar sérstaklega

Íþrótt- og tómstundsvið

Hjólábrettanámskeið og -keppni fyrir stelpur

Mannréttindaskrifstofa

Fjölmenningardagurinn verði með sérstakri áherslu á lýðræðispáttöku kvenna
Fyrirhuguð ráðstefna um heimilisofbeldi
Vitundarvakning meðal ungs fólks um að nýta kosningaréttinn

Menningar- og ferðamálasvið/Höfuðborgarstofa

Myndlistarsýningar
Sögugöngur
Gjörningar
Tónleikar
Bókmenntaviðburðir

Mannauðsskrifstofa

Útgáfa bæklinga um kynferðislega áreitni.

Skóla- og frístundasvið

Fræðsluverkefni eða þemastarf með börnum, fyrir börn og eftir börn í tengslum við tímamótin.
Smásögusamkeppni
Myndlistarsýningar

Umhverfis- og skipulagssvið

Kvennaáhersla á torg í biðstöðu

Velferðarsvið

Þekkingar- og reynslumiðlun í gegnum félagsstarf eldri borgara
Listasýningar á vegum kvenna í félagsmiðstöðvum eldri borgara
Söguganga

Bílastæðasjóður

Keppni fyrir konur í að bakka í stæði

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Innsetning með lök eftir gönguleiðinni úr miðbæ upp í þvottalaugar

Fjöldamörg verkefni hafa komið til einhverskonar skoðunar, nefna má náið samstarf við Kítón, hugsanlegar ferðir um kvennasöguslóðir með 6. bekk í samstarfi við jafnréttisskólann, göngur um þvottalaugarnar, samstarf við Borgarleikhúsið, fundur með borgarfulltrúum kvennaframboðsins, sérstakur kvennafundur í borgarstjórn, samstarf við Druslugönguna og Reykjavík Pride, blómaskreytingar í sumar, kvennapema í skapandi sumarhópum og götuleikhúsinu, sýningar og fundir í Ráðhúsi og öðrum opinberum byggingum borgarinnar, útibíó í samstarfi við RIFF, ljósmyndasýningar, sjálfsvarnarnámskeið og útilist í formi þrónagraffs í samstarfi við Reykjavík Underground Yarnstormers.

Fastsettir viðburðir

20. janúar: Borgarstjórn fjallar um 100 ára afmælið.

5. febrúar: Ljósíð læðist inn, ljóðakvöld í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni Vetrarhátíðar.

5. febrúar: Í skotinu: Sigríður Ella Frímansdóttir (Fyrst og fremst er ég) í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

7. febrúar: Forseti borgarstjórnar tekur þátt í spjalli í Listasafni Íslands um Ragnheiði Jónsdóttur.

14.-22. febrúar: Stelpur rokka standa fyrir tónlistarnámskeiði.

22. febrúar: Lokatónleikar Stelpur rokka opnir öllum í Miðbergi.

21. febrúar: Sýningin v a t n s b e r i n FJALL+KONA opnar í Ásmundarsafni

8. mars: Hátíðardagskrá í lðnó í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna fyrir friði og jafnrétti, samstarf við MFÍK og fleiri

8. mars: Kynlegar tölur koma út hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

1. apríl: Bókmenntamerking, Ásta Sigurðardóttir

9. apríl: Bára Kristjánsdóttir: Vinnustofa í Hafnarfirði (Ljósmyndasýning)

Apríl: Opnun Barnamenningarhátíðar

19. apríl: Hálf dagsráðstefna um heimilisofbeldi á vegum Zonta

7.-8. maí: Viðburður í tengslum við höfuðborgarráðstefnu Norðurlandanna

9.-10. maí: Viðburður í tengslum við fund Vestnorræna sjóðsins

9. maí: Sýning um kosningarétt kvenna frá heimalöndum kvenna, 20-30 konur með texta um kosningarétt í sínu landi í tilefni fjölmeningardagsins

16. maí: Mannréttindadagurinn, mannréttindaverðlaun veitt

19. maí: Sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og færeyska málans Ruth Smith

Maí: Sviðsstjóri velferðarsviðs stýrir „off kvenue“ sögugöngu um Hólavallakirkjugarð

Júní-ágúst: Regluleg bókmenntaganga um kvennabókmenntir og kvennabaráttu

6. júní-ársloka: Sýning um íslenskar konur og sjósókn í fortíð og nútíð, Sjóminjasafn.

7. júní: Hátíð hafsins, áhersla á konur, samstarf við Faxaflóahafnir

19. júní: Menningarmerkingar við þvottalaugar í Laugardal

19. júní: Gjörningur í Perlufestinni framinn af Gjörningaklúbbnum

19. júní: Útgáfa 19. júní á vegum Kvenréttindafélags Íslands, samstarf

19. júní: Skáldabekkur með kvennabókmenntum við Alþingishúsið

19. júní: Spurningakeppni eða pub quiz á Ölstofunni í boði Reykjavíkurborgar

22. ágúst: Menningarnótt með kvennapema

19. september: Sýningin Hér og nú, 30 árum síðar opnuð í Listasafni Reykjavíkur sem byggir á sýningu 30 ungra kvenlistamanna sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 1985, hugmyndin er að kanna stöðuna á því hvað þessar konur eru að gera í dag

September: Ráðstefna um konur og fíkn í samvinnu við Rótina

September: Ráðstefna um kynjaða starfs- og fjárhagsáætlunargerð á vegum fjármálaskrifstofu

1.-31. október: Samkeppni um bestu örsöguna, sms-söguna, þema: 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

4. október: Bókmenntamerking, Svava Jakobsdóttir

24. október (lendir á sunnudegi, öðru hvoru megin við): Kvennafrídagurinn

Október-nóvember: Konur í sjávarútvegi heiðraðar í Sjóminjasafninu. Samstarf við Faxaflóahafnir og Félag kvenna í sjávarútvegi.

3. desember: Alþjóðadagur fatlaðs fólks með áherslu á konur.

10. desember: Opinn fundur mannréttindaráðs

Kynningarmál

Stofnuð hefur verið Facebook-síða í tilefni afmælisins, sjá <https://www.facebook.com/kosningaretturkvenna>, þar sem viðburðum verður deilt en einnig dregin upp mynd af stöðu kvenna á ýmsum tímum á undanfarinni öld. Kona vikunnar er valin og sagt frá henni í örfáum orðum. Skrifstofa borgarstjórnar hefur látið hanna lógó sem notað er á kynningarefni fyrir viðburðina.

Vef- og upplýsingadeild Reykjavíkurborgar verður forsætisnefnd og verkefnastjóra innan handar með kynningarmál, við munum nýtast við fréttatilkynningar og samfélagsmiðla og er nú í vinnslu heimasíða og viðburðadagatal á vef Reykjavíkurborgar.